

# Skýrsla af 111. þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar ( ILO )

Genf 5.6 – 16.6 2023

## Sendinefndin

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu: Margrét Gunnarsdóttir. Frá utanríkisráðuneytinu: Einar Gunnarsson, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf. Fulltrúar íslenskra atvinnurekenda voru þau Álfheiður Sívertsen og Ragnar Árnason lögfræðingar Samtaka atvinnulífsins en þau skiptu þingsetunni með sér. Fulltrúar íslensks launafólks voru Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og Eydís Bjarnadóttir en hún sat jafnframt Genfarskólann ásamt fulltrúa frá BSRB. Samhliða þinginu hittist nefnd um félagsfrelsi (CFA) þar sem Magnús M. Norðdahl á sæti auk þess sem stjórn kom saman til stutts fundar eftir þinglok.

## Megin málefni

1. Regluleg umræða um vernd launafólks (Labour Protection)
2. Nefnd um setningu nýrra tilmæla um lærlinga.
3. Almenn umræða um réttlát umskipti.
4. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna.

### 1. Félagslegt öryggi launafólks (Labour Protection)

Magnús M. Norðdahl tók þátt í störfum þessarar nefndar og stýrði samninganefnd launafólks. Alþjóðavinnuálagastofnunin fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Yfirlýsing felur í fyrsta lagi í sér sérstaka reglulega skýrslugerð um fjórar stoðir stefnunnar um Mannsæmandi störf, þ.e. atvinnusköpun, félagslegt öryggi, félagslegt og þríhliðasamráð og grundvallarréttindi launafólks. Miðað er við að stofnunin afli gagna og skili skýrslum um einn flokk í einu þ.a. 4 hvert ár sé skýrsla skilað um hvern þátt fyrir sig. Í yfirlýsingunni er sérstaklega tekið fram, að þessir fjórir þættir hangi saman þ.a. sé einum ekki sinnt hindri það framgang hinna. Megin tilgangur þessa er að ILO geti betur fylgst með þróun í hverjum málaflokki og sniðið þjónustu sína til samræmis við hana. Þannig megi einnig skipuleggja betur þau efni sem réttlætt geta annað hvort endurskoðun núverandi samþykktanna eða setningu nýrra. Þingnefndin fjallaði að þessu sinni um félagslegt öryggi launafólks (laun, aðbúnað og öryggi, ráðningarvernd, öryggi persónuupplýsinga, fæðingarorlof og vinnutíma) en eftirfarandi mynd lýsir þeim grundvallarþáttum sem mynda félagslegt öryggi launafólks þar sem grundvallarréttindi launafólks séu ætíð í forgrunni:

## What is Labour Protection?



Rétt er að taka fram að verkefnið er tvíþætt því rætt er sérstaklega um „Velferð og félagslega vernd“ eða Social Protection og var sú umræða á dagskrá þingsins 2021. Helstu niðurstöður um hvað ILO skyldi einbeita sér að næstu árin fólk m.a. í sér efna skyldi til sérstakra rannsókna og fundar um lágmarkslaun sem dugi til framfærslu (living wages) en þetta var etv. stærsti sigur okkar í umræðunni en atvinnurekendur hafa staðfastlega staðið í vegi fyrir umræðu um þetta hugtak, mikilvægi þess og margbreytileika. Jafnframt var ILO falið að rannsaka hvernig opinber útboð geti aukið félagslegt öryggi og gera tillögu um stefnu hvernig auka megi vægi þeirrar vinnu sem leggja ber í jafnrétti kynjanna. Loks var ILO falið að meta áhrif, áskoranir og meðvitund um gervigreind og áhrif hennar á öryggi og heilsu launafólks með það meginsjónarmið í huga að manneskjur verði í reynd ætíð við stjórnvölinn.

[Loka skýrsla nefndarinnar í heild.](#)

### 2. Nefnd um setningu nýrra tilmæla um lærlinga.

Mjög mikill munur er milli aðildarríkja ILO hvað varðar réttarstöðu lærlinga. Víða njóta lærlingar lítill eða engra réttinda og eru undanskyldir almennum reglum vinnumarkaðarins bæði hvað varðar laun, aðbúnað og öryggi og víða eru þeir í reynd misnotaðir til þess að ýta út öðru launafólki sem nýtur verndar í lögum kjarasamningu. Því miður tókst ekki að ná inn ákvæðum um þann hóp ungs fólks sem ráðið er til „reynslu“ án þess að vera lærlingar í hefðbundnum skilningi en umræða er fyrirhuguð um réttarstöðu þeirra síðar.

[Lokasamþykkt nefndarinnar](#) og Tilmæli nr. 208 sem síðan voru staðfest af þinginu.

### 3. Almenn umræða um réttlát umskipti.

Líklega er hér um að ræða einhverja mikilvægustu umræðu sem á sér stað nú um stundir á alþjóðavettvangi. Umskiptin verða að vera réttlát til þess að tryggja félagslegt réttlæti, mannsæmandi störf, eyða fátækt samhliða því að takast á við áskoranir í umhverfismálum. Í reynd er framtíð efnahagslífsins, samfélaga og vinnu sem framfleytt getur launafólki í húfi Verði

ekki við brugðist við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í umhverfismálum er framtíð og velferð mannskyns í húfi. [Kynning ILO á umræðugrundvellingum](#).

[Loka skýrsla nefndarinnar](#)

#### 4. Nefnd um framkvæmd Alþjóðasamþykktá.

Nefndarstarfið hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni byggðu á skýrslu um er varða Samþykktir um jafnrétti á vinnumarkaði nr. 111,156 og 183 og viðeigandi Tilmæli nr. 111,165 og 191. Sjá [skýrslu](#). Í framhaldi almennrar umræðu var fjallað um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Þetta var nokkuð hefðbundið og átakalaust ferli og nefndinni tókst að ljúka umræðu um 24 mál. [Niðurstöður nefndarinnar](#). Á fundi nefndarinnar var jafnframt kynnt ársskýrsla félagsfrelsisnefndarinnar (CFA). Sjá [ársskýrslu CFA 2022](#).

#### Genfarskólinn

Genfarskólinn, er skóli á vegum norrænu verkalyðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og starfaði að venju með miklum krafti. Íslensku þátttakendurnir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð. Nánari upplýsingar um Genfarskólann er hægt að finna á meðfylgjandi slóð: [Genfarskólinn](#)

#### Mat o.fl.

Þingið var um margt erfitt vegna umræðu um hin nýju tilmæli en fór að öðru leyti vel fram og niðurstöður skýrar.

*Júlí 2023,*

*Magnús M. Norðdahl*